

Nr. 85

16. janúar 2014

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 247/1964
fyrir Háskólasjóð H/f Eimskipafélags Íslands.**

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

5. gr. orðist svo:

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitum þeirra er styðja vilja starfsemi hans. Stjórn sjóðsins skipa: Stjórnarformaður Landsbankans hf., bankastjóri Landsbankans hf., rektor Háskóla Íslands og forstjóri Eimskipafélags Íslands hf. Stjórnarformaður Landsbankans hf. skal vera formaður sjóðstjórnar.

Einfaldur meirihluti atkvæða stjórnarmanna ræður úrlitum. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrlitum.

7. gr. skipulagsskrárinnar falli brott.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð H/f Eimskipafélags Íslands staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulags-skrá.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 16. janúar 2014,

Björn Ingi Óskarsson.

Lára Kristín Gisladóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. janúar 2014